



Fundargerð. Aðalfundur Norðurár bs. 2024

Aðalfundur Norðurár bs., haldinn 19. mars 2024 kl. 13:00 í Menningarhúsinu Miðgarði Skagafirði.

Mættir fulltrúar eigenda voru: Sigfús Ingi Sigfússon fyrir sveitarfélagið Skagafjörð, Pétur Arason fyrir Húnabyggð, Halldór Gunnar Ólafsson fyrir Sveitarfélagið Skagatrönd og Erla Jónsdóttir fyrir Skagabyggð.

Einnig sátu fundinn stjórnarmennirnir Magnús B. Jónsson, Hrefna Jóhannesdóttir og Sveinn Úlfarsson og áheyrnarfulltrúinn Snorri Finnlaugsson. Aðrir fundarmenn voru; Einar E. Einarsson, Jóhanna Ey Harðardóttir og Ásta Ólöf Jónsdóttir frá sveitarfélaginu Skagafirði, Helgi Nielsson frá KPMG, Elvar B. Gíslason verkstjóri Norðurá bs. Sérstakir gestir fundarins voru Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri SORPU, ásamt Valgeiri Pál Björnssyni verkefnastjóra og Gunnari Dofra Ólafssyni samskipta- og þróunarstjóra.

Dagskrá:

- Fundarsetning
- Kosning fundarstjóra /fundarritara
- Skýrsla stjórnar
- Ársreikningur 2023
- Fjárhagsáætlun 2024-27
- Gjaldskrá
- Kosning stjórnar og endurskoðanda
- Ákvörðun um þóknun stjórnar
- Tillaga um olíusmitaðan úrgang
- „Skör ofar“ – Athugun á brennslustöð fyrir allt landið – Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri Sorpu
- Önnur mál

1. Fundarsetning

Magnús B. Jónsson setti fund og bauð fundarmenn velkomna

2. Kosning fundarstjóra og ritara

Magnús lagði fram tillögu um að Sigfús Ingi Sigfússon yrði fundarstjóri, það var samþykkt samhljóða.

Sigfús Ingi tók við fundarstjórn og gerði að tillögu að Hrefna Jóhannesdóttir ritaði fundargerð, það var samþykkt samhljóða.

3. Skýrsla stjórnar

Magnús B. Jónsson, stjórnarformaður flutti skýrslu stjórnar þar sem hann fór meðal annars yfir helstu verkefni frá síðasta aðalfundi. Urðunarstaðurinn var opnaður árið 2011 og því hefur



nú verið urðað í 13 ár. Frá síðasta aðalfundi, 27. mars 2023, hafa verið haldnir sex stjórnarfundir. Fastir starfsmenn eru þrír. Gengið var frá starfslokum við Fannar J. Viggóson og Elvar Bjarki Gíslason ráðinn í hans stað. Vélar og útbúnaður að mestu óbreytt frá fyrra ári. Rekstur urðunarstaðarins hefur gengið vel sl. ár. Stjórn samþykkti umhverfismarkmið fyrir Norðurá á árinu og fylgdi eftir tveimur ályktunum frá síðasta aðalfundi:

- Ályktun um dýraleifar – Lítið hefur gerst við að finna varanlegan farveg fyrir dýraleifar.
- Ályktun um skoðun á nýtingu orku til kornþurrkunar – samið var við Eflu verkfræðistofu um að reikna út tæknilega möguleika varðandi það að nýta orkuna sem til fellur í Stekkjarvík við kornþurrkun. Niðurstöður leiddu í ljós að eftirspurn kornbænda er ekki nægjanleg að sinni til þess að fylgja verkefninu eftir.

Magnús fór stuttlega yfir aðra möguleika sem voru skoðaðir á nýtingu metangass en enn sem komið er engin lausn í sjónmáli.

Í árslok var gerður samningur við ReSource um eftirlit með gasvinnslu úr urðunarhólfinu. ReSource mun teikna upp lagnir og svæðið í heild í gagnagrunninn eLandfill og færa inn gasmælingar og sigvatnsmælingar. Með því að skrá þetta allt inn í gagnagrunninn er hægt að sjá línulegar breytingar og betri yfirsýn fæst yfir stöðuna hverju sinni, gögn verða aðgengilegri og eftirlit með gasvinnslunni verði skilvirkara.

Magnús gerði grein fyrir stöðu framkvæmda við stækkun á urðunarhólfi. Verklök í samningi við verktaka voru sett 15. desember 2023 en þegar í ljós kom að þétt leirlög lágu neðar í jarðlögum en gert var ráð fyrir í útboðsgögnum var ákveðið að semja við verktaka um frestun á skilum til vors og endurhanna dúklögn og grunnvatnslagnir. Í kostnaðaráætlun sem Atli Gunnar Arnórsson frá Stoð efh. og skipaður eftirlitsmaður með verkinu tók saman, kemur fram að kostnaður við verkið á árinu 2024 verðir a.m.k. 150 millj. kr. Auk þess er gert ráð fyrir 10% vegna ófyrirséðs kostnaðar og því reiknað með að heildarkostnaður á árinu 2024 verði 165 millj. kr. Búið er að greiða 285 millj. kr. nú þegar af áætluðum heildarkostnaði. Heildarverkstaða gæti því orðið um 450 millj. kr., sem er um 139% af samningsupphæð sem er samkvæmt tilboði 325 mkr. Upphafleg kostnaðaráætlun verkkaupa gerði ráð fyrir 650 millj. kr. og endanlegur framkvæmdakostnaður því um 70% af því viðmiði.

Væntingar standa til að umsókn um endurnýjað starfsleyfi Norðurár verði afgreitt á næstu mánuðum, en umsókn um að auka heimild til urðunar og leyfa brennslu dýrahræja hefur verið í ferli frá 2020.

Móttaka frá úrgangi hefur að mestu leyti gengið vel og er vísað til samantektarskýrslu sem sveitarfélögin fengu send í ársbyrjun. Nokkrar umræður fóru fram á fundinum um að skráningu á sorpi til urðunar sé ábótavant frá Íslenska gámafélaginu. Flutningsaðilar á vegum Íslenska gámafélagsins neita að upplýsa um hvaðan sorpið komi. Hægt sé að bregðast við þessu með því að skerpa á móttökureglum Norðurár og að hverri sendingu fylgi upprunavottorð.

Helstu mál framundan á árinu hjá Norðurá er að ljúka framkvæmdum við stækkun urðunarhólfsins. Einnig í farvatninu að leita leiða til þess að nýta orku frá brennslu metangass eða finna gasinu aðra nýtingu en í brennslu á staðnum. Meðal annars að athuga hvort

raforkuframleiðsla sé vænlegur kostur og hvort vinnuvélar í Stekkjarvík geti gengið fyrir metangasi. Einnig er brýnt að leita leiða fyrir afsetningu olíusmitaðs úrgangs.

Þróun nýrra lausna gengur hægt og því virðist urðun vera óhjákvæmileg á meðan aðrar lausnir eru ekki komnar fram og verður líklega þar til hólfinu verður lokað árið 2038. Reikna má þó með að nokkuð dragi úr úrgangsmýndun með aukinni endurvinnslu/endurnýtingu og breyttu hugarfari. Undanfarin 10 ár hefur úrgangur verið flokkaður og hluti ávinnings því þegar kominn fram.

4. Ársreikningur 2022

Helgi Níelsson frá KPMG gerði grein fyrir ársreikningi ársins 2023.

Á árinu 2023 voru rekstrartekjur félagsins 211,7 milljónir og hækkuðu um 2,7 millj. kr. milli ára eða rúmt 1%. Hagnaður félagsins á árinu 2023 nam tæpum 53,5 millj. kr. en var 51,5 millj. kr. árið 2022. Eigið fé félagsins í árslok nam 687,5 millj. kr. að meðtöldu stofnfé félagsins að fjárhæð 12,6 millj. kr. en eigið fé var 634,1 millj. kr. á árinu 2022. Vísað er til skýringa í ársreikningnum varðandi ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Endurskoðandi fór yfir breytingar á árlegu framlagi í lokunarsjóð, en á stjórnarfundum þann 7. mars sl. samþykkti stjórn Norðurá bs að tekið verði 2,3% af urðunargjaldi í lokunarsjóð í stað 1,8%. Ákvörðunin gildir fyrir fjárhagsárið 2023 og þar til annað verður ákveðið. Gert er ráð fyrir endurskoðun á gjaldi í lokunarsjóð fari fram eigi sjaldnar en á fimm ára fresti.

Eftir óverulegar umræður um skýrslu stjórnar og ársreikning 2023 var hvoru tveggja borið undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

5. Fjárhagsáætlun 2023-2026

Ásta Ólöf Jónsdóttir lagði fram og kynnti rekstraráætlun fyrir árin 2024 til 2027. Áætlunin var áður samþykkt á stjórnarfundum 7. mars sl. og vísað til aðalfundar. Ásta lagði fram endurskoðaða fjárhagsáætlun sem gerir ráð fyrir 3,5% gjaldskrárhækkun sem hefur áhrif til tekjulækkunar miðað við áður samþykktu fjárhagsáætlun sem gerði ráð fyrir 20% gjaldskrárhækkun. Gjaldskrárhækkun var samþykkt á stjórnarfundum þann 15. mars og vísað til aðalfundar.

Fundarstjóri bar fjárhagsáætlunina upp til samþykktar og var hún samþykkt samhljóða.

6. Gjaldskrá

Magnús fór yfir afleiðingar gjaldskrárhækkunar á einstaka efnisflokka fyrir Norðurá en gjaldskráin hefur ekki verið hækkuð frá árinu 2020 þrátt fyrir miklar verðlagshækkanir í þjóðfélaginu og er í dag lægri en hjá sambærilegum urðunarstöðum á landinu.

Lögð fram tillaga stjórnar um 3,5% hækkun á gjaldskrá Norðurá bs. Áður hafi stjórn Norðurá bs samþykkt samhljóða á stjórnarfundum þann 15. mars sl. að gjaldskrá félagsins hækki um 3,5% og að hækkunin taki gildi 1. júní 2024.

Jafnframt var kynnt tillaga til aðalfundar um að stjórn Norðurá verði falið að taka gjaldskrá félagsins til skoðunar fyrir 15. október ár hvert og ákveða gjaldskrá fyrir komandi ár sem taki gildi 1. janúar.

Aðalfundur tók undir það álit stjórnar að mikilvægt sé að gjaldskrá urðunarstaðarins sé endurskoðuð árlega og tekur undir þau sjónarmið sem heyrst hafa að of lág gjaldskrá sé ekki hvetjandi til aukinnar flokkunar og betri meðhöndlunar úrgangsefna. Við þær aðstæður sem nú eru í samfélaginu og þeirrar sáttar sem gerð var á vinnumarkaði nýlega, telur stjórnin ekki fært að ganga lengra í gjaldskrárbreytingum að þessu sinni.

Bókun Húnabyggðar

Pétur Arason sveitarstjóri Húnabyggðar lagði fram og las upp svohljóðandi bókun frá meirihluta sveitarstjórnar Húnabyggðar, sem ekki hafði unnist tími til að samþykka í sveitarstjórn fyrir aðalfund Norðurár:

Húnabyggð vekur athygli á því að sveitarfélagið er ekki sammála þeirri gjaldskrárhækkun sem lögð er til af hálfu stjórnar Norðurár fyrir árið 2024. Gjaldskrárhækkunin er of lág og ljóst er að félagið er langt á eftir öðrum urðunarstöðum hvað gjaldskrár varðar og gjaldskrárhækkunin þyrfti að vera mun hærri til að laga það ósamræmi. Húnabyggð er ekki sammála því að gjaldskrárhækkunir séu settar í samhengi við nýgerða kjarasamninga og óskir um að sveitarfélög hækki ekki sínar gjaldskrár, enda hafi gjaldskrárhækkunir Norðurár hverfandi áhrif á sorphirðugjöld almennra íbúa. Þá setur Húnabyggð spurningamerki við það af hverju gjaldskráin er ekki uppfærð árlega samkvæmt verðlagi eða ákveðnum viðmiðum sem styðjast mætti við. Það hefur komið fram að aðilar utan þjónustusvæðis Norðurár sækjast nú eftir því að urða í Stekkjarvík og keyra þannig langar leiðir og fram hjá öðrum urðunarstöðum og einnig hefur komið fram að aðilar sem þegar eru í þjónustu vilji mögulega hætta að kurla tré- og viðarafganga þar sem það borgi sig að flytja efnið ókurlað í Stekkjarvík. Þetta eru skýr merki þess að gjaldskráin er úr takti við það sem almennt gerist og Húnabyggð sér þetta sem mjög neikvæða og óumhverfisvæna þróun sem þurfi að bregðast við.

Fundarstjóri bar tillögu um 3,5% hækkun á gjaldskrá upp til samþykktar og var hún samþykkt samhljóða. Sömuleiðis samþykkti aðalfundur að fela stjórn að endurskoða gjaldskrá fyrir 15. október hvert ár.

7. Kosning stjórnar og endurskoðanda

Fundarstjóri lagði fram tillögu um að aðalmenn í stjórn yrðu Hrefna Jóhannesdóttir, Sveinn Úlfarsson og Magnús B. Jónsson. Til vara væru í sömu röð, Einar E. Einarsson, Arnar Bjarki Magnússon og Zophonías Ari Lárusson. Pétur Arason er tilnefndur áfram sem áheyrnarfulltrúi í stjórn fyrir Húnabyggð og Snorri Finnlaugsson er tilnefndur áfram sem áheyrnarfulltrúi fyrir Flokkun Eyjafjarðar. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Jafnframt bar fundarstjóri upp þá tillögu að Helgi Níelsson endurskoðandi frá KPMG verði endurskoðandi Norðurá bs. árið 2024. Samþykkt samhljóða.

8. Ákvörðun um þóknun stjórnar

Fyrir fundinum lá svohljóðandi tillaga frá stjórn:

Lagt er til við aðalfund að framvegis taki stjórnarlaun hjá Norðurá bs., mið af launum fulltrúa í fastanefndum sveitarfélagsins Skagafjarðar eins og þau eru birt á heimasíðu sveitarfélagsins hverju sinni. Launin taka mið af þingfarakaupi og voru 1. janúar 2024 samkvæmt því eftirfarandi:



- Mánaðarlaun, formaður: 3,2% á mánuði 46.715 kr
- Mánaðarlaun, nefndarmaður og áheyrnarfulltrúi: 1,8% á mánuði 26.277 kr
- Nefndarformaður: 2,5% fyrir hvern fund 36.496 kr
- Nefndarmaður og áheyrnarfulltrúi: 1,6% fyrir hvern fund 23.357 kr
- Varaformaður: 2,5% fyrir hvern fund sem hann stjórnar 36.496 kr

Fundarstjóri bar tillöguna upp og var hún samþykkt samhljóða.

9. Tillaga um olíusmitaðan úrgang

Stjórn Norðurár bs beindi svohljóðandi tillögu til fundarins:

Aðalfundur Norðurár bs haldinn í Varmahlíð 19. mars 2024 beinir þeirri eindregnu áskorun til Umhverfisstofnunar og Umhverfissráðuneytisins að veitt verði tímabundið leyfi til þriggja ára til móttöku á úrgangi úr olíuskiljum og sandföngum á meðan unnið er að gerð regluverks um meðhöndlun, fundnar lausnir til að framkvæma það regluverk og fengið starfsleyfi fyrir þeim lausnum.

Fundurinn samþykkir jafnframt að fela stjórn Norðurár bs að taka þátt í áætlanagerð um að finna umræddum úrgangi réttan farveg og vinna að úrvinnslu lausna í samstarfi við aðra hagaðila að málinu.

Greinargerð:

Við eftirlit UST í október sl. á urðunarstaðnum Stekkjarvík var gerð athugasemd við móttöku úrgangs úr olíuskiljum og sandföngurum sem hefur verið urðað með lífrænum úrgangi. Umhverfisstofnun tilkynnt um það með bréfi 5. janúar 2024. Í úrbótaáætlun urðunarstaðarins er tilgreint að ekki verði tekið á móti framangreindum efnum til urðunar og skráning lífrænnar fitu úr fituskiljum verði sett í sérstakan flokk til aðgreiningar frá sandföngurum skólphreinsistöðva. Í raun táknar þetta að ekki verði tekið á móti úrgangi sem geti innihaldið olíumengun. Það á við um olíugildirur við olíuafgreiðslur, bílaþvottastöðvar eða annarsstaðar þar sem olíuleysiefni eru notuð. Sama gildir um olíusmitaðan jarðveg bæði úr umhverfi olíubirgðastöðva og ef til olíumengunarslysa kemur. Það er því ljóst að þar sem aðrar lausnir liggja ekki fyrir mun bann við urðun þessa úrgangsflokks valda annað hvort verulegri truflun á rekstri ákveðinna þjónustuaðila eða leiða til óyndisúrræða af hálfu þeirra sem þurfa að afsetja framangreinda úrgangsflokka.

Eftir umræður um tillöguna bar fundarstjóri hana upp og var hún samþykkt samhljóða.

10. „Skör ofar“ Athugun á brennslustöð fyrir allt landið – Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri Sorpu

Jón Viggó Gunnarsson flutti erindi um verkefnið „Skör ofar“ þar sem farið var yfir framtíðarlausnar til meðhöndlunar brennanlegs úrgangs í stað urðunar. Í erindinu kom fram að niðurstöður verkefnisins sýndu fram á að hagkvæmast væri að byggja eina brennslustöð fyrir allt landið og lagt upp með að að hún yrði staðsett í Helguvík, bæði vegna staðsetningar



en einnig vegna sýnds áhuga hjá Reykjanesbæ. Kostnaðargreining sýndi fram á að slík brennslustöð yrði hagkvæmari en að flytja baggaðan úrgang til brennslu erlendis.

Á meðan á erindi Jóns Viggós stóð fóru fram miklar og góðar umræður um framtíðarhorfur í úrgangsmálum.

11. Önnur mál

Engin önnur mál.

Magnús B. Jónsson og Sigfús Ingi þökkðu fyrir góðan fund og slitu honum í kjölfarið.

Fundi slitið kl. 16.12

Hrefna Jóhannesdóttir, fundarritari

Sigfús Ingi Sigfússon, fundarstjóri